



# Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis 10. desember 2015

Skýrsla formanns | Ársreikningur 2015 | Fjárhagsáætlun 2016



## Ársskýrsla Golfklúbbsins Keilis 2015



# Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Keilis 2015



Á aðalfundi Keilis sem haldinn var í Golfskála Keilis þriðjudaginn 9. desember 2014 var eftirfarandi stjórn kosin:

**Arnar Atlason, formaður til eins árs.**

Kosnir til eins árs, **Davíð Arnar Þórsson og Sveinn Sigurbergsson**

Til tveggja ára voru kosin, **Guðmundur Óskarsson og Ellý Erlingsdóttir**

Til eins árs sem varamenn voru kosin, **Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir og Daði Janusson**

## Stjórn Keilis var því þannig skipuð á starfsárinu:

Arnar Atlason	formaður
Sveinn Sigurbergsson	varaformaður
Davíð Arnar Þórsson	ritari
Guðmundur Óskarsson	gjaldkeri
Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir	meðstjórnandi
Daði Janusson	meðstjórnandi
Ellý Erlingsdóttir	meðstjórnandi

## Endurskoðendur ársreiknings:

Aðalmaður, Gunnar Hjaltalín og til vara Sigurður T Sigurðsson.

Á starfsárinu voru haldnir 15 formlegir stjórnarfundir, auk fjölmargra nefndafunda og annarra vinnufunda.


Í upphafi starfsársins 2015 voru **1.288** félagar í Golfklúbbum Keili, en í lok árs eru þeir **1.347**

Þar af eru **230** félagar skráðir á Sveinskotsvöll.

Í ár fjölgaði félögum um **59**


**10** manns hafa sótt um fyrir 2016.

## Kynjaskipting í Keili 2015



Arnar Atlason, formaður

## Skipting félagsmanna eftir aldri 2015



## Heilsársstarfsmenn

<b>Framkvæmdastjóri:</b>	Ólafur Þór Ágústsson.
<b>Vallarstjóri:</b>	Bjarni Hannesson
<b>Aðstoðar vallarstjóri:</b>	Arnaldur Birgisson.
<b>Heilsársvallarstarfsm:</b>	Guðbjartur Ísak Ásgeirsson
<b>Skrifstofa:</b>	Pétur Gærdbo Árnasson
<b>Hraunkot:</b>	Kristinn Kristinsson
<b>Íþróttastjóri:</b>	Björgvin Sigurbergsson
<b>Verkstæði:</b>	Birgir Gunnlaugsson

### Golfkennarar

Karl Ómar Karlsson og Björn Kristinn Björnsson.

### Aðrir Vallarstarfsmenn

Ásgeir Þórðarson, Kristján Kristjánsson, Sigurður Þorgeirsson, Guðmundur Atli Arnarsson, Jón Ágúst Sturluson, Fjölur Eiríksson, Sindri Jónsson, Bjarki Freyr Ragnarsson, Lukasz Bednarek, Atli Þór Grétarsson, Ólafur Jarl Gíslason, Fannar Þór Ragnarsson, Helgi Snær Björgvinsson og Jóhann Ingi Guðmundsson

Til viðbótar voru 4-5 unglingar úr vinnuskólanum að störfum í hverri viku frá miðjum júní fram í ágúst. Unglingarnir voru flestir ungir kylfingar í klúbbum á aldrinum 14-16 ára. Þau löguðu boltaför, fylltu í kylfuför og rökuðu glömpur. Þessi hópur krakka er mikilvægur fyrir klúbbinn, því úr þessum hópi koma oftast framtíðarstarfsmenn. Við þökkum þeim því fyrir þeirra mikilvæga framlag.

### Aðstoðarfólk golfkennara

Henning Darri Þórðarson, Rúnar Arnórsson, Gísli Sveinbergsson, Hildur Rún Guðjónsdóttir, Sigurlaug Rún Jónsdóttir, Björg Bergsveinsdóttir, Vikar Jónasson, Þóra Kristín Ragnarsdóttir, Birgir Björn Magnússon, Hafdís Alda Jóhannsdóttir, Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson, Benedikt Sveinsson, Thelma Sveinsdóttir,

Thelma Björt Jónsdóttir, Inga Lilja Hilmarsdóttir, Jóna Karen Þorbjörnsdóttir og Hafdís Houmoller Einarsdóttir.

### Eftirlitsmenn og ræsar

Baldvin Jóhannsson, Hallgrímur Hallgrímsson og Ágúst Húbertsson.

### Starfsfólk í golfvöruverslun

Elísa Eik Guðjónsdóttir, Harpa Líf Bjarkadóttir og Davíð Kristján Hreiðarsson.

### Starfsfólk í Hraunkoti

Kristinn S. Kristinsson, Davíð Kristján Hreiðarsson, Benedikt Árni Harðarson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Högná Kristbjörg Knútsdóttir, Birgir Vestmar Björnsson, Anna Sólveig Snorradóttir, Ísak Jasonarson og Hildur Rún Guðjónsdóttir.

### Þjónustusamningar

Brynja Þórhallsdóttir: Eldhús og veitingar.

### Ræstingar

ISS á Íslandi sá um ræstingar allt fram í september en þá tók fyrirtækið þríf við ræstingunum.



## Nefndir (sbr skilgreind svið)

### Íþróttanefnd (Forgjafarnefnd, Nýliðanefnd)

Sveinn Sigurbergsson, Arnar Atlason, Davíð Arnar Þórsson, Björgvin Sigurbergsson og Ólafur Þór Ágústsson.

### Rekstrarnefnd (Kappleikjanefnd)

Guðmundur Óskarsson, Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir, Ellý Erlingsdóttir og Ólafur Þór Ágústsson.

### Mannvirkjanefnd (Vallarnefnd)

Sveinn Sigurbergsson, Ólafur Þór Ágústsson, Bjarni Hannesson, Guðmundur Óskarsson, Ellý Erlingsdóttir og Arnaldur Birgisson

### Markaðsnefnd

Ólafur Þór Ágústsson, Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir og Daði Janusson

### Öldunganefnd

Sveinn Jónsson og Anna Snædís Sigmarsdóttir

### Aganefnd

Hálfdan Þór Karlsson.

### Orðunefnd

Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason og Ágúst Húbertsson.

### Kvennanefnd

Anna S. Gunnarsdóttir, Birna Ágústsdóttir, Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir, Hjördís Sigurbergsdóttir, Margrét Sigmundsdóttir og Ragnheiður Rikharðsdóttir.

### Laganefnd

Karl Ó Karlsson, Jóhann Níelsson og Sveinn Snorrason.

### Foreldraráð

Heiðrún Jóhannsdóttir, Hjörleifur Hjörleifsson og Unnur Elfa Guðmundsdóttir.

### Liðstjórar

Karl Ómar Karlsson, Björn Kristinn Björnsson, Hjörleifur Hjörleifsson, Björgvin Sigurbergsson, Kristinn Kristinsson, Sveinn Jónsson, Anna Snædís Sigmarsdóttir.

## Almennt um viðhald golfvallanna

(Tekið úr ársskýrslu vallarstjóra)

Máimánuður var afskaplega kaldur þetta árið sem setti stórt strík í upphaf golfsumarsins. Meðalhiti í maí í Reykjavík var 4,6° C, sem er 2,4° C gráðum undir meðaltali síðustu 10 ára. Af þessum sökum opnaði völlurinn ekki fyrr en 16. maí þetta árið með sjálfboðavinnudegi og opnunarmóti í framhaldi. Lengi framan af sumri hélt kuldinn áfram. Júní mánuður var 1.3° C undir meðaltali síðustu 10 ára. Þetta kalda vor og sumarbyrjun varð til þess að svæði sem kólu um veturinn gréru illa saman. Veturinn var kaldur og blautur og lægðafjöldi yfir landinu var lygilegur. Þannig skullu á landinu 43 lægðir á rétt rúmum 90 dögum.

En sem betur fer þá rættist úr tíðarfari í júlímánuði og eitthvað inn í ágúst. Þó hiti hafi verið nærri meðallagi þá var þurrkakafli í júlímánuði sem gerði veður til golfleiks hið ágætasta. Haustmánuðirnir voru hlýir en blautir. Úrkoma var nánast tvöföld á við meðalár, eða um 160 mm. Leikið var inn á sumarflatir til og með 23. október.

Nýframkvæmdir einkenndu þetta árið umfram allt annað. Styrkur fékkst frá Hafnarfjarðarbæ til að klára byggingu tveggja nýrra hola á Hvaleyrinni, og þar með ljúka við fyrsta áfanga af þremur við endurskipulagningu seinni níu holanna. Holurnar munu verða klárar árið 2017, en þá verða þær 13. og 14. holur vallarins. Í framtíðarskipulagi munu þær þó verða holur númer 10 og 11. Á þessu ári náðist að klára að móta og sá í 13. brautina og flötina ásamt hvítum og gulum teigum á 14. braut. Lagt var vökvunarkerfi í öll svæðin. Einnig náðist að klára að móta 14. flötina og sá í hana. Enn á eftir að móta umhverfi 14. flatarinnar og brautina ásamt rauðum teigum. Teigar á 13. brautinni verða byggðir snemma árs 2016. Verðandi 15. hola er nú þegar klár, en það er glæsileg þar 3 hola meðfram sjónum fyrir aftan núverandi 15. holu. Holan var leikin í nokkrum mótum síðsumars ásamt því að vera opin til leiks í tvær vikur undir lok ársins. Kyllingar virtust hinir ánægðustu með nýju holuna, enda glæsileg hola í alla staði.

Í aprilmánuði litu flatir vallarins mjög vel út. Önnur flötin hafði sjaldan verið jafn góð á þessum árstíma eins og hún var. Að hluta má þakka því að allur sá fjöldi lægða sem gekk yfir landið, kom að mestu úr suðri og suð-austri. Þar með gekk sáralítið af sjó yfir flötina. Einnig var flötin í góðu ásigkomulagi þegar hún fór inn í veturinn. Það var því almenn bjartsýni með ástandið snemma í apríl.

Kuldar settu sitt strik í reikninginn. Frostakafli seinnhluta aprílmánaðar varð til þess að ákveðið var að þekja flatir með sandi til að verja grösín. Aðgerðin tókst vel, enda sást mikill munur á þeim svæðum sem voru sönduð og þeim sem ekki voru sönduð. Í meðalári hefðu því flatirnar átt að verða mjög fljótt tilbúnar þetta árið. En kuldatíð í maí tók engan enda og því gréru þær fáu skemmdir sem voru í flötunum ekkert af ráði fyrir en nálgast tók júlímánuð. Sem dæmi um þetta, þá var sandað með um 2 mm lagi yfir flatir 2 vikum fyrir meistaramót, sem í venjulegu árfari myndi þýða að flatir væru orðnar sléttar og hraðar í mótinu. Grasspretta var hinsvegar með hægara móti og gekk því erfiðlega að ná upp hraða fyrir en á 5. degi mótsins. Rennsli var orðið nokkuð gott síðustu tvo dagana, farið að nálgast 10 fet á stimp.

Flatir voru nánast eingöngu úðaðar með ammóníum sulfati, og voru notuð 67 kg N/ha í ár. Þetta er mjög svipuð niðurstaða og í fyrra og um 25 kg minna en árið 2013. Flatir voru einnig úðaðar með Primo Maxx á 200 GDD fresti, sem var frá 18-24 daga fresti yfir tímabilið. Flatir voru úðaðar einu sinni í mánuði með Revolution vatnsmiðlunarefni. Notkun vatnsmiðlunarefna var mikilvæg þetta árið, enda var þurrkakaflí í júlí og inn í ágúst. Efnin tryggja jafnari dreifingu vatns í jarðveginum. Lítið var um þurrkabletti í flötum sem þurfti að handvökva, en þeim mun meira um slík svæði á brautum sem ekki höfðu verið úðaðar. Einnig var minni vökvunarþörf. Vökvun miðaði að því að vökva flesta daga í þurrkatímabilinu, en aðeins var notast við 1,5-2 mm í senn, þó gufun og uppgufun (ET) væri nær 3 mm á dag. Þannig voru flatirnar látnar þorna hægt og rólega upp, en þó var alltaf vatn til staðar. Þegar flatir fóru undir 15% í raka, þá voru þær vökvaðar með 4-5 mm til að ná þeim aftur upp í 19-20% raka. Þessi aðferð virkaði vel, grasið nálgadist aldrei hættumörk en var aldrei of vökvað, og því hátt hlutfall lofts í jarðveginum, sem er mikilvægt fyrir rótarvöxt.

Í september mánuði voru flatir úðaðar með kalífosfíti (ath. ekki fosfat) til að draga úr sýkingarhættu af völdum *Microdochium nivale*. Í lok október voru flatir sandaðar með 2 mm og flatir 1, 2 og ísbjarnargryfjan voru úðuð með Iprodione (5 L /ha) og Propiconazole (0,4 L/ha) sveppalyfjum til að verja þessar flatir fyrir sýkingum. Þetta eru flatir sem verða fyrir miklu tjóni á veturnar vegna sjúkdóma. Aðrar flatir verða fyrir mun minni tjóni vegna sýkinga og því ekki talin ástæða til að verja þær sérstaklega. Önnur efni voru ekki notuð á flatir vallarins.

Vikuna fyrir meistaramót urðum við fyrir verulegu tjóni þegar efni sem gras þolir ekki, helltist aftan á pall á vinnubíl án þess að starfsmenn tækju eftir. Starfsmaður notaði svo bílinn þegar hann fór að skipta um holur á vellinum. Í hvert skipti sem hann setti töskuna með holuskiptingarverkfærnum á pallinn, bættist efni á töskuna. Öll þau svæði sem urðu svo undir töskunni þegar starfsmaðurinn lagði hana frá sér, fengu á sig efnið. Einnig gerðist það á nokkrum flötum (svo sem 8. Flöt) að valtari sem var að vinna á sama tíma keyrði yfir smituð svæði og dreifði efninu áfram. Grasdauði var óumflýjanlegur á öllum þeim svæðum sem fengu á sig efnið. Því miður gerðist þetta (af skiljanlegum ástæðum) allstaðar þar sem algengar holustaðsetningar voru. Eina leiðin til að tækla þetta vandamál var að yfirsá reglulega í dauðu svæðin. Farið var þrisvar sinnum yfir öll svæði og sáð í þau. Undir lok tímabilsins var sú sáning farin að skila sér, en það mun samt taka eitthvað fram á mitt næsta ár að þau loki sér að fullu. Tjónið hafði önnur slæm áhrif á flatirnar sökum þess að færri holustaðsetningar voru nú nothæfar. Það jók álag á tjónlaus svæði. Brugðist var við því með því að úða auknu magni af köfnunarefni en venjulega hafði talist nauðsynlegt miðað við meðalhita sumarsins. Það útskýrir hvers vegna notað var nánast jafn mikið af áburði á flatirnar í ár borðið saman við árið í fyrra, sem var mun hlýrra ár og því eðlilegt að notast við meira magn áburðar.

Flatir voru gataðar tvisvar á árinu; að vori og seint um haustið. Í bæði skiptin voru flatir sandaðar vel (um 2mm lag) áður en gatað var. Einnig voru flatir sandaðar þrisvar sinnum yfir sumarið, tvær léttar sandanir um 0,7 mm og önnur söndun upp á um 2 mm fyrir meistaramót. Flatir voru að jafnaði slegnar í 4,25 mm 4-5 sinnum í viku. Flatir voru einnig valtaðar 4-5 sinnum í viku.

Teigar voru úðaðir með ammóníum sulfati og UREA ásamt vatnsmiðlunarefninu Dispatch. Notað voru 45kg N/ha og þrjár úðanir af vatnsmiðlunarefninu í hrauninu og á 11 braut. Köfnunarefni var um 20 kg minna en í fyrra, en meira var um skemmdir á brautum í fyrra og einnig var hærri meðalhiti.

Teigar voru úðaðir með Primer Select vatnsmiðlunarefni fjórum sinnum yfir sumarið. Einnig voru teigar úðaðir með um 56 kg N/ha með UREA og ammóníum sulfati. Teigar voru gataðir að vori og um haustið með 12 mm teinum. Engin söndun átti sér stað á teigum í ár.

Flatir litu vel út þegar þær fóru inn í veturinn. Grænn litur hélst fram að snjókomu, en fyrsti snjór féll 28 nóvember. Þrátt fyrir iðagrænar flatir var vöxtur enginn, en þannig viljum við að grasið fari inn í veturinn. Það er því von að með góðum vetri ættu flatir að vera fljótar til næsta ár.

Þrátt fyrir erfiða byrjun á árinu sökum kulda, gekk árið nokkuð vel fyrir sig. Ef miðað er við þær vinnustundir sem við höfðum úr að spila og hversu mikil vinna fór í nýframkvæmdir, þá getum við talist sátt við útkomuna. Ljóst er að ef við erum ekki

í nýbyggingarham, þá getum við náð enn betri árangri í viðhaldi með þann starfsmannafjölda sem við höfðum í sumar.

Vélafloti klúbbsins heldur áfram að vera vandamál, þ.e. aldur flotans og hæg endurnýjun. Það er þó skiljanlegt í þeim aðstæðum sem eru á golfmarkaðnum í dag. Það er krefjandi verkefni fyrir stjórn og starfsmenn klúbbsins að hagræða og auka tekjur klúbbsins upp á það stig að við ráðum betur við endurnýjun tækja ásamt öllu því viðhaldi og umstangi sem er í kringum golfklúbbinn. Við viljum halda áfram að bjóða upp á glæsilega aðstöðu og lítum því spenntir á verkefni komandi ára.



## Framkvæmdir 2015

Um miðjan maí fékkst samþykki bæjaryfirvalda fyrir styrk til nýframkvæmda. Strax var þá hafist handa við frágang á verðandi 13. holunni (leikin niður að smábátaskýli við Hvaleyrarlón). Keyrður var sandur yfir brautina þar sem jarðvegur sem fengist hafði í undirlag brautarinnar þótti of grýttur og erfiður til sáningar. Breytingar voru gerðar á hólalandslagi meðfram brautinni og landslag í sjálfri brautinni mýkt lítið eitt. Sandi var smurt yfir og vökvunarhausar sem mokaðir voru niður árið 2014, voru mokaðir upp og standsettir. Sáð var í brautina 16. júlí með blöndu af língresi og rauðvinglum. Brautin var svo „pökkuð inn“ í akríldúk til að hraða spírún. Miklir þurrkar og vindur gerðu okkur lífið leitt, en engu að síður tókst prýðisvel til í sáningunni þannig að þéttur svörður er nú til staðar. Nokkur sár eiga enn eftir að gróa eftir að dúkar slógust til í vindi, en sáningin tókst engu að síður mjög vel.

Mikil vinna var framundan til að móta flötina. Hönnuðurinn, Tom Mackenzie, lagði til töluverðar breytingar á flötinni. Hækka þurfti vinstri hluta flatarinnar um 1,6 m. Opnuð var til muna vinstri hlið flatarinnar með tilheyrandi efnisflutningum. Klúbbnum áskotnaðist eitt stykki fótboltavöllur, þegar Valsmenn ákváðu að skipta Vodafone vellinum yfir í gervigras. Sandurinn í knattspyrnuvellinum var keyrður til okkar og smurður umhverfis flötina.

Eftir að flötin og helsta umhverfi var fullmótað kom Mackenzie til landsins og tók út flötina til að tryggja að holustaðsetningar væru nothæfar. Smávægilegar breytingar voru gerðar, en hönnuðurinn lýsti mikilli ánægju með vinnubrögð starfsmanna. Eftir lagfæringar Mackenzie var sáð í flötina með hreinni rauðvingulsblöndu, en blöndu af língresi og rauðvinglum var sáð í umhverfi flatarinnar. Akril dúkur var lagður yfir flötina til að hraða spírún. Sáningin fór seint niður, um aðra viku í ágúst, en tókst engu að síður mjög vel.

Um leið og búið var að ganga frá 13. flötinni, var farið í að vinna í 14. flötinni. Aftur þurfti að lyfta flötinni verulega til að ná henni í rétta hæð. Hægri hluti flatarinnar var hækkaður um 1,4 m. Þessi vinna kostaði tíma, en flötin sjálf var mun auðveldari í mótun, enda ekki eins flókið landslag í henni. Langt var samt liðið á árið þegar þessi vinna fór fram. Engu að síður tókst að sá í flötina í upphafi september. Þrátt fyrir allt þá tókst að ná góðri spírún á flötinni.

Ljóst var á þessum tíma að ekki tækist að safna nægilegu efni til

að móta umhverfi flatarinnar fyrir veturinn. Ákveðið var að bíða eftir frosti í vetur til að keyra inn efni, þar sem þrengja fór að keyrsluleiðum vörubíla. Hafist var þá strax handa við að byggja gulan teig og fremri hvítan teig (það verða tveir hvítir teigar) á 14. braut. Lagt var vökvunarkerfi í teigana og sáð í þá. Sáningin fór ekki niður fyrr en í lok september. Ekki var búist við miklum árangri úr þeirri sáningu, en þrátt fyrir allt spíraði sáningin ágætlega, nægilega mikið til þess að binda yfirborðið saman fyrir veturinn og þannig dregið úr líkum á því að efni fjúki til um veturinn. Teigarnir voru allir laser sléttaðir.

### Æfingarsvæði (Hraunkot)

Í lok árs var sett niður vökvunarkerfi í lendingarsvæðið á Hraunkoti. Svæðið sem um ræðir eru fyrstu 100 m sem slegið er inná úr básunum í Hraunkoti. Svæðið var byggt upp á sínum tíma úr sandi úr sanddæluskipi. Jarðvegurinn er mjög þurr og á þurrkatímum, líkt og var í júlí og snemma ágúst mánaðar, skrælnaði svæðið mikið upp. Við það slitnar svæðið undan boltatínslúvélinni. Slitinn svörður veldur síðan tjóni á boltum og tínslúvélinni. Þar sem mikil vökvunarpörf var á nýframkvæmdarsvæðum var mjög erfitt að vökva Hraunkotssvæðið, sem skiljanlega var aftar í forgangsröðinni.

Vökvunarkerfið gerir okkur nú kleyft að viðhalda þessu svæði betur, tryggja grasþekju og þannig koma í veg fyrir ótímabært tjón á æfingaboltum Hraunkots.

### Sveinskotsvöllur

Árið 2014 sá Arnaldur Freyr (núverandi aðstoðarvallstjóri) um daglegt viðhald Sveinskotsvallar og starfaði sem einskonar vallastjóri vallarins. Þessi aðferð skilaði góðum árangri, enda var Sveinskotsvöllur það árið í eins góðu ástandi eins og aðstæður bjóða uppá. Í ár færðist Arnaldur til í starfi og varð aðstoðarvallastjóri. Hugmyndin var þá að Guðbjartur Ísak tæki við þeirri vinnu. Hinsvegar ílengdist vinna við brýningar töluvert, eða nálægt mánaðarmótum maí/júní. Eftir það tók við mikil vinna við nýframkvæmdir, þar sem undirritaður nýtti starfskrafta Guðbjarts töluvert. Með minnkandi yfirvinnu, og blöndu af ofangreindum ástæðum þurfti viðhald Sveinskotsvallar stundum að sitja á hakanum.

Sveinskotsvöllur er ekki einfaldur í viðhaldi af mörgum ástæðum. Til að halda uppi snyrtimennsku á vellinum þarf að hafa starfsmenn með gott auga fyrir öllum smáatriðum og sem geta (og hafa heimild til) að taka ákvarðanir á staðnum og framkvæma þær. Vallastjóri sér síðan um langtíma markmið vallarins. Við



sáum fljótt hversu vel þessi aðferð virkaði þegar við höfðum tíma til að halda manni nokkuð föstum á vellinum, eins og gert var árið 2014 með Arnaldi.

Sveinskotsvöllur mun þurfa upplýftingu á næstu árum, þá sérstaklega með betri uppbyggingu teiga. Eins og staðan er í dag er ekki búið að hanna og ákveða hvernig lega vallarins verður í nánustu framtíð og því hefur ekki verið farið í að byggja teiga með tilheyrandi kostnaði. Von er á að framtíð vallarins skýrist á árinu 2016, og þá verður hægt að setja meira púður í framkvæmdir og viðhald vallarins.

### Útseld vinna

Útseld þjónusta var á pari við áætlanir fyrir árið. Búist var við samdrætti miðað við fyrra ár, en óvenju mikil þjónusta var keypt af klúbbnum árið 2014 sökum mikilla kalskemmda á öllum golf og knattspyrnuvöllum á höfuðborgarsvæðinu.

Útseld þjónusta klúbbsins var að vanda viðhald knattspyrnuvalla FH og Hauka, brýningarþjónusta, sem og götun á knattspyrnuvöllum ÍTR í Reykjavík (33 ha landsvæði). Laser hefillinn okkar var seldur út í nokkur verkefni á árinu, meðal annars var hann notaður við sléttun á undirlagi undir gervigrasið í nýju knattspyrnuhúsi FH. Fleiri smáverkefni sem aðallega snérust um götun og úðun voru einnig framkvæmd á árinu. Að vanda var góð samvinna við starfsmenn Laugardalsvallar, en starfsmenn Keilis sjá um alla úðun áburðar og annarra efna á völlum.

Götunarvélarnar sem klúbburinn hefur eignast undanfarið þrjú ár sönnuðu sig þetta árið. Afkastagetan er nú orðin verulega mikil. Þetta haustið tókst að gata 330.000 m<sup>2</sup> fyrir Reykjavíkurborg á 13 virkum dögum með nánast engri yfirvinnu. Mikil yfirvinna hefur verið hluti af þessu verkefni hingað til sem hefur hleypt kostnaðarliðnum hátt upp. Algengur vinnuhraði var áður um 1 ha á 8 klst. vinnudegi. Þannig þurfti um 33 vinnudaga til að klára verkið. Það var leyst með vaktavinnu, svo hægt væri að klára verkið á um 15-20 vinnudögum. Meðalafköstin í haust voru hinsvegar um 3 ha á 8 tíma vinnudegi.

### Ósleginn kargi

Kylfingar hafa ekki farið varhluta af breytingum á kargaslætti undanfarið tvö ár. Nokkrum svæðum á vellinum hefur verið leyft að vaxa úr sér og þannig viðhald á þeim svæðum takmarkað. Þetta er hluti af umhverfisvottun klúbbsins (GEO vottunin).

### Markmiðin eru nokkur:

- Að auka fjölbreytileika í dýra og plöntulífriki á vellinum (aukin fuglafjöldi er farinn að sjást og fjölbreyttari fauna er augljós).
- Minni losun gróðurhúsalofttegunda.
- Spara töluverða fjármuni.

Síðustu tvö ár hefur tekist að minnka notkun á kargasláttuvélum að meðaltali um meira en 130 klst borið saman við meðaltöl síðustu 10 ára. Þetta gerir sparnað upp á 27%. Meðal kostnaður per klst. á kargavél kostar klúbbinn rétt rúmlega 6.000 kr (með manni), þannig að sparnaðurinn með þessum aðgerðum hljóðar upp á rúmlega 800.000 kr. Á sama tíma höfum við ekki orðið varir við að leikhraði hafi minnkað að neinu leyti. Einnig hafa svæði sem slegin eru með loftpúðavélum verið fækkað, þá sérstaklega hættulegum svæðum, og þannig hafa einnig sparast töluverðir fjármunir.

Þó að það sé þægilegra fyrir margan kylfinginn að karginn sé slegin niður, þá er mikill kostnaður fólgin í viðhaldi kargans. Því meira sem slegið er af kargasvæðum því einsleitara verður dýra og plöntulífriki svæðisins. Það þurfa því að vera góð rök fyrir að slá kargasvæði í ljósi þess mikla kostnaðar sem því fylgir.

### Malbikun

Í maímánuði voru stígar frá vegamótum við fyrstu flöt/annan teig malbikaðir. Stígar frá 8. flöt að umtöluðum vegamótum voru malbikaðir ásamt stígnum sem liggur út að annari braut. Einnig var klárað að malbika plan fyrir framan vélaskemmu. Þar með var lokið við að ganga frá göngustígum á þessu svæði, en í fyrra var stígar frá umtöluðum vegamótum malbikaður að 9. braut ásamt kaflanum sem liggur frá fyrstu flöt að vegamótunum.

### Stækkun vélaskemmu

Í umsóknarferlinu fyrir GEO vottunina kom í ljós að frárennismál við vélaskemmu voru ekki eins og þau áttu að vera. Koma þurfti fyrir olíuskilju þar sem allt frárennsli frá þvottaplani og niðurföllum í vélaskemmu fór beint í rotþró. Mokað var niður á núverandi rotþró og afrennsli frá niðurföllum og þvottaplani var fært í nýja olíuskilju sem sett var við hliðina á rotþrónni. Búið var til nýtt frárennsli frá baðherberginu (vaskur og klósett) sem tengt var inn á gömlu rotþrónni. Þannig fer allt olíumengað frárennsli í olíuskiljuna, en skólp í rotþró. Eins og áður kom fram var svo malbikað plan yfir rotþrónnar sem nýtist sem geymslupláss fyrir kerrur ásamt því að bæta aðgengi að brýningarherbergi í vélaskemmuni.

**Merkingar**

Haldið var áfram að smíða vegvísa, teigmerki og aðrar merkingar fyrir golfvöllinn. Með þessari vinnu er verið að vinna að heildarútliti allra merkinga. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ þar sem einhverfir einstaklingar sjá um smíðina undir stjórn Guðlaugs Georgssonar. Þessi vinna hefur bætt mjög heildarásýnd golfvallanna og verður gaman að vinna áfram að þessu verkefni með Guðlaugi og hans fólki.

**Vélakaup**

Ekki var endurnýjað að neinu leyti í vélafloata klúbbsins þetta árið. Vélaflotinn er verulega dýr, en flotinn er metinn á um 220 milljónir króna ef hann væri keyptur nýr inn í dag. Ef endurnýja ætti flotann að meðaltali á 10 ára fresti þyrfti að fjárfesta í tækjum á ári hverju fyrir um 22 milljónir. Ljóst er að klúbburinn er ekki að ná að búa til slíka fjármuni eins og staðan er í dag. Við erum því að halda í vélar lengur en venjulega tíðkast hjá klúbbsi sem vill halda gæðum í þeim flokki sem Keilir er í dag. Þannig eru t.d.

brautarvélar klúbbsins 14 og 11 ára, og kargavélar 13 og 10 ára gamlar. Þessi tæki kosta hvert um sig 12-14 milljónir króna. Það mun taka nokkur ár að skipta öllum flotanum út. Því miður eru þetta ekki einu tækin sem eru komin vel á annan áratuginn í aldri. Það er þó góður skilningur fyrir því að verkefnið er erfitt og allt gert til þess að láta hlutina ganga upp. Óáreiðanleiki vélaflotans er þó óneitanlega full mikill og gerir okkur oft erfitt fyrir við að halda uppi þeim gæðum sem við viljum bjóða uppá.

Einu tækjakaup ársins var rafmagnsstaflari. Hann var keyptur svo hægt væri að nota nýju brettarekkana sem komið var fyrir síðasta vetur í vélaskemmunni. Brettarekkarnir gera okkur kleift að taka á móti öllum þeim fjölda af sláttukeflum sem okkur berast yfir vetrarmánuðina án þess að öll vélaskemman verði undirlögð. Á þessu ári fór fram seinni greiðsla á vélapakka sem keyptur var árið á undan (handsláttuvélar og vinnubílar), sem er ástæða þess að ekki var fjárfest meira í tækjum þetta árið.



## Íþróttalegur árangur og íþróttastarf 2015

Íþróttastarf golfklúbbsins Keilis var með miklum sóma á síðasta starfsári. Áralöng hefð er fyrir því að hefja golfárið eftir nokkra vikna hvíld í byrun nóvember. Björgvin Sigurbergsson sinnti áfram starfi sem íþróttastjóri Keilis og þjálfari ásamt tveimur öðrum, Karli Ómari Karlssyni og Birni Kristni Björnssyni. Allir eru PGA menntaðir golfkennarar. Björgvini til halds og trausts var foreldraráðið sem aðstoðaði við ýmsa viðburði og hluti sem tengdust golfstarfinu. Einnig voru aðrir foreldrar kallaðir til aðstoðar ef þurfti og ber að þakka þeim kærlega fyrir þeirra vinnu.

Haustið byrjaði rólega þar sem flestir voru að byrja aftur eftir stíft sumar og hausthlé. Íþróttastjóri fór yfir það með kylfingum hvort þeir hefðu náðu markmiðum síðasta árs. Einnig var skoðað hvað þyrfti að huga að sérstaklega um veturinn og ný markmið voru sett. Hver kylfingur fékk sveiflugreiningu og verkefni til að vinna með í sveiflunni og stuttaspilinu. Æfingar voru tvisvar sinnum í viku fyrir yngstu hópa kylfinga fædda 2003 og yngri en þrisvar í viku fyrir eldri kylfinga. Föstudagsæfingar voru 2x -3x í mánuði til viðbótar við aðrar æfingar. Á föstudögum voru sjálfstæðar æfingar og kylfingar unnu í sínum verkefnum eða keppt var í Hraunkotsmótum. Mótin voru stuttaspilmót, EM, HM og Smáþjóðaleikar. Eitt af mótunum var auglýst sem opið mót fyrir unglunga úr öðrum klúbbum. Mótið var vel sótt og gaman að sjá hvað allir kylfingar skemmtu sér vel.

SNAG æfingar voru á laugardagsmorgnum fyrir yngstu kynslóðina eins og árið á undan en ekki eins vel sótt og árið áður. Ekki vitum við hver ástæðan fyrir því er en verður það skoðað á komandi golfári.

Eins og síðasta ár var byrjað með sumardagsskrá hjá Keili í annari viku júní mánuðar. Sumargolfskólinn var með sama sniði og síðasta ár þar sem krakkar í Hafnarfirði gátu sótt viku golfnámskeið í senn. Keilir sá einnig um golfnámskeið fyrir Setbergs golfklúbbinn. Á árinu varð enn aukning á námskeiðinum hjá Keili.

Á miðvikudögum voru miðvikudagsmót þar sem ungir krakkar æfðu sig að spila og keppa í golfi. Þetta árið voru mótin fleiri en árið á undan. Mikil ánægja var með mótin og margir tóku þátt. Settir voru upp gullteigar á Sveinskotsvelli þar sem mótin voru haldin og kom það vel út fyrir yngstu kylfingana. Gullteigar eru settir frammar en aðrir teigar til gera leikinn auðveldari fyrir höggstyttri

kylfinga. Einnig tóku margir kylfingar þátt í Meistaramóti Keilis og sýndu góðan árangur.


Sumarið gekk vel og komu kylfingar vel undan vetri. Hér að neðan er árangur Keilis árið 2015 á Íslandsbankamótaröðinni, Áskorendamótaröðinni og sveitakeppni unglunga. Þó nokkur fækkun var í yngstu keppnishópunum hjá Keili á Íslandsbankamótaröðinni. Bindum við vonir um að það lagist á næstu árum þar sem fleiri ungir krakkar eru að æfa hjá okkur í dag. Björgvin og Björn fylgdust með mörgum af mótum sumarsins og horfðu á kylfingana takast á við sinn golfleik.

Guðrún Brá Björgvinsdóttir lék fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru í Reykjavík í fyrsta sinn. Þetta er einnig í fyrsta sinn sem golf er leikið á leikunum. Gerði Guðrún sér lítið fyrir og sigraði í einstaklingskeppninni og einnig ásamt íslenska liðinu í liðakeppninni.

Á Lokahófi GSÍ hlaut Keilir viðurkenningu fyrir stigahæstu konurnar og einnig voru Keiliskylfingar stigameistarar Eimskipsmótaröðinnar í kvenna- og karlaflokki. Allir þurfa að leggjast á eitt til að árangur náist og er það áfram markmið okkar í Keili. Björgvin og aðrir golfkennarar Keilis vilja koma fram þakklæti til stjórnar Keilis, framkvæmdastjóra, íþróttanefndar, foreldraráðs og annara sem hafa komið að starfinu á árinu. Eigið gott golfár framundan.

Árangur Keilismanna á Eimskipsmótaröðinni árið 2015 var ágætur. Hópurinn sem keppti í sumar hafði en og aftur stækkað með þátttöku ungra kylfinga. Það var gaman að fylgjast með framförum og betri árangri. Keilir fékk tvo Íslandsmeistara af fjórum í efsta flokki kylfinga.

### Íþróttalegur árangur 2009-2014



## Golfklúbburinn Keilir vann til 6 Íslandsmeistararitla og 5 Stigameistararitla.

Axel Bóasson	Íslandsmeistari Holukeppni karla
Signý Arnórsdóttir	Íslandsmeistari Höggleik kvenna
Þórdís Geirsdóttir	Íslandsmeistari Höggleik 50 eldri kvenna
Sigrún M. Ragnarsdóttir	Íslandsmeistari 65 ára og eldri
Tinna Jóhannsdóttir	Stigameistari kvenna
Axel Bóasson	Stigameistari karla
Henning Darri Þórðarsson	Stigameistari 17-18 ára
Íslandsbankamótaröðin	
Thelma Björt Jónsdóttir	Stigameistari 15-16 ára
Áskorendamótaröðin	
Þórdís Geirsdóttir	Stigameistari öldunga kvenna
Golfklúbburinn Keilir	Stigameistari kvenna
Eimskipsmótaröðin	
Sveit eldri kenna	Íslandsmeistarar

### Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ

Þau sem skipuðu sigursveit Keilis 2015

### A-sveit Keilis eldri-konur

Liðstjóri: Þórdís Geirsdóttir

Leikmenn: Anna Snædís Sigmarsdóttir, Kristín Sigurbergsdóttir, Erla Adolfsdóttir, Helga Gunnarsdóttir, Jónína Kristjánsdóttir, Margrét Berg Theodórsdóttir, Sigrún Margrét Ragnarsdóttir og Margrét Sigmundsdóttir.

### Annar árangur Keppnisfólks á árinu 2015

#### Íslandsmót í höggleik

Axel Bóasson 2.sæti karlaflokkur

#### Íslandsmót í holukeppni

Benedikt Sveinsson 2.sæti karlaflokkur

Signý Arnórsdóttir 2.sæti kvennaflokkur

#### Íslandsmót unglunga í höggleik

Sigurlaug Rún Jónsdóttir 3.sæti stelpur 17-18 ára

Henning Darri Þórðarsson 3.sæti drengir 17-18 ára

#### Íslandsmót unglunga í holukeppni

Hafdís Alda Jóhannsdóttir 2.sæti stelpur 17-18 ára

#### Stigamót GSÍ (stigameistarar)

Signý Arnórsdóttir 2.sæti kvennaflokkur

Anna Sólveig Snorradóttir 3.sæti kvennaflokkur

Benedikt Sveinsson 3.sæti karlaflokkur

#### Stigamót GSÍ unglingar (stigameistarar)

Sigurlaug Rún Jónsdóttir 3.sæti stelpur 17-18 ára

### Í keppni og til æfinga með landsliðum Íslands 2015 völdust

Axel Bóasson, Gísli Sveinbergsson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Henning Darri Þórðarsson, Anna Sólveig Snorradóttir og Rúnar Arnórsson.

### Landslið eldri kylfinga

Anna Snædís Sigmarsdóttir, Kristín Sigurbergsdóttir, Erla Adolfsdóttir, Jóhann Peter Andersen, Sigurjón Gíslason, Sigurður Aðalsteinsson, Þórhallur Sigurðsson, Friðbjörn Hólm, Jóhannes Jónsson og Jens Karlsson.



## Mótahald

### Meistaramót Keilis 2015 haldið 5. - 13. Júlí. Þátttakendur 326

#### Klúbbmeistarar Keilis 2015.

Meistaraflokkur karla	Benedikt Sveinsson	284 högg
Meistaraflokkur kvenna	Tinna Jóhannsdóttir	289 högg

#### Sigurveggarar í öðrum flokkum.

1. flokkur karla	Friðrik Ómarsson	300 högg
1. flokkur kvenna	Erla Adolfsdóttir	320 högg
2. flokkur karla	Guðni S. Guðmundsson	320 högg
2. flokkur kvenna	Hekla S. Arnarsdóttir	359 högg
3. flokkur karla	Gunnar Viktorsson	337 högg
3. flokkur kvenna	Rebecca O. Yongco	275 högg
4. flokkur karla	Björn Árnason	275 högg
4. flokkur kvenna	Margrét Sigurbjörnsd.	70 punktar
5. flokkur karla	Sigurjón R. Kárason	88 punktar
Öldungaflokkur 70+	Jónas Ragnarsson	75 punktar
Öldungaflokkur kvk 65+	Sigrún M. Ragnarsdóttir	72 punktar
Öldfl kk forgjöf 0-15	Sigurður Aðalsteinsson	232 högg
Öldfl kk forgjöf 16-34	Sigurgeir Marteinsson	256 högg
Öldfl kvk forgjöf 19-34	Guðrún Lilja Rúnarsdóttir	300 högg
Drengir 15 – 16 ára	Daníel Ísak Steinarsson	219 högg
Strákar 14 ára og yngri	Ólafur Arnar Jónsson	245 högg
Stelpur 14 ára og yngri	Inga Lilja Hilmarsdóttir	319 högg

### Meistaramót barna 2015 haldið á Sveinskotsvelli 7. - 8. Júlí. Þátttakendur voru 10 efnilegir drengir og stúlkur

#### Strákar

1. sæti	Tómas Hugi Ágeirsson GK	143 högg
2. sæti	Þórir S. Friðleifssons GK	165 högg
3. sæti	Oddgeir Jóhannsson GK	218 högg

#### Stelpur

1. sæti	Þorgerður Ó. Jónsdóttir GK	169 högg
2. sæti	Sara Jósafatsdóttir GK	173 högg
3. sæti	Vilborg Erlendsdóttir GK	221 högg

#### Hola í höggi

Eftirtaldir kylfingar fóru hola í höggi á árinu 2015 og tilkynntu til Einherjaklúbbsins.

#### Hvaleyrarvöllur

Jóhannes Pálmi Hinriksson	16.08.2015	6. braut
Georg Júlíusson	07.08.2015	4. braut
Sæmundur Ingólfsson	17.07.2015	4. braut
Sigurður Aðalsteinsson	02.07.2015	10. braut
Pálmi Sveinbjörnsson	29.06.2015	4. braut
Birgir Kjartansson	19.06.2015	10. braut
Jón Erling Ragnarsson	Meistaramót	10. braut
Benedikt Sveinsson	Meistaramót	4. braut

#### Félagslíf

##### Kvennastarf

(Tekið úr ársskýrslu kvennanefndar)

Kvennastarfið 2015 var með hefðbundnu sniði. Þúttmótaröðin hófst um miðjan janúar og voru leiknir átta hringir og töldu fjórir bestu hringir hverrar konu til úrslita. Sigurvegari í ár var Þórdís Geirsdóttir með 111 högg. Vorgleði var síðan haldin 13. mars og þar voru veitt verðlaun fyrir þúttmótaröðina, dregið úr skorkortum og Ragnheiður Eiríksdóttur, kynlífsfræðingur flutti okkur pistil. Sumarstarfið hófst með vormóti Keiliskvenna á Garðavelli á Akranesi þann 29. maí í finu veðri og bar Ólöf Baldursdóttir sigur úr bítum á 38 punktum. Sumarmótaröðin tók síðan við og tóku á annaðhundrað konur þátt í henni. Spiluð voru 9 mót og töldu fjögur bestu mótin til úrslita hjá hverri konu. Keppt var í tveimur forgjafarflokkum. Í flokki 0-18.0 sigraði Valgerður Bjarnadóttir og í flokki 18.1-34.4 sigraði Christel Johansen. Eitt mót kvennamótaraðarinnar var eins og í fyrrasumar styrktarmót og höfðu þær Christel Johansen og Dagbjört Bjarnadóttir veg og vanda af því móti. Engin sumarmótaröð var haldin á Sveinskotsvelli í ár vegna dræmrar þátttöku í fyrrasumar. Vinkvennamótið við Oddskonur var á sínum stað. Við heimsóttum Oddskonur og Oddskonur heimsóttu okkur í júlí og unnum við Keiliskonur bikarinn í sjötta sinn en þrjú punktar skildu liðin að.

Aftur var haldið á Hótel Selfoss í haustferð Keiliskvenna. Evrópa og Ameríka tókust á í annað sinn í 18 holu keppni á Gufudalsvelli í Hveragerði auk þess sem Silja Rún Gunnlaugsdóttir vann Keilistíkurbikarinn. Starfinu 2015 lauk svo með lokahófi kvennanefndar þann 6. nóvember þar sem ný stjórn var skipuð og veitt voru verðlaun fyrir sumarmótaröðina. Nýja stjórn skipa: Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir, formaður, Birna Ágústsdóttir, Matthildur Helgadóttir, Ragnheiður Ríkhardsdóttir, Svava Skúladóttir, Þorbjörg Albertsdóttir.

## Mótahald

Síðastliðið sumar var mótahald svipað og undanfarin ár, nema hvað í ár tókst ekki að halda Icelandair Golfers mótið, en það átti að vera fyrsta opna mót sumarsins. Fyrri partur sumars hefur vanalega verið okkar mesta tekjulind af opnum mótum, en vegna veðurs snemma á þessu sumri þá gekk mótahaldið ekki eins vel og síðustu ár. Það hafði þær afleiðingar að tekjur voru ekki eins góðar og síðustu sumar.

Eitt verkefni var á vegum GSÍ á Hvaleyrarvelli, en Íslandsbanka-mótaröðin hjá unglíngunum kom í heimsókn til okkar og er það í fyrsta skiptið í fjölda ára sem krakkarnir fá að spreya sig á Hvaleyrarvelli. Það var mikil tilhlökkun hjá krökkunum að leika hjá okkur. Kom það gífurlega á óvart hver margir kylfingar á þessum aldri höfðu aldrei leikið völlinn en skiljanlegt þar sem Keilir hefur ekki haldið nema eitt mót á vegum GSÍ ár hvert síðustu ár. Mótið gekk vel í alla staði og var vel látið að umgjörð og vellinum okkar.

Ólafur Þór framkvæmdastjóri og Tinna Jóhannsdóttir tóku þátt í starfshópi á vegum GSÍ síðastliðið haust til að skoða og betrumbæta mótaröð okkar bestu kylfinga, "Eimskipsmótaröðina". Skilaði sá starfshópur viðamikilli skýrslu nú rétt fyrir golfþing. Eitt af skilaboðum Keilis inn í þá vinnu var verkefni sem unnið hefur verið að síðustu ár hér innanhúss og gengur undir nafninu "Hvaleyrarbikarinn". Hvaleyrarbikarinn sækir fyrirmynd sína í svokölluð "Risamót" sem við fylgjumst með á hverju ári á mótaröðum þeirra bestu. Þáttakendafjöldi er mjög takmarkaður og er einblínt einungis á allra bestu kylfingana á hverjum tíma. Niðurstaða hópsins var að búa til röð móta um mitt sumar sem hefur gengið undir vinnuheitinu "final four", þar sem mismunandi þáttakendafjöldi keppir á fjórum mótum í röð og eru mörg stig í boði ásamt mikilli spennu fyrir lokamótið. Ásamt þessari breytingu þá var ein stærsta breytingin að nú hefst keppnistímabilið að hausti og gengur á milli ára. Þetta mun vonandi leiða af sér að haust- og vormótin á mótaröðinni munu fá meira vægi og leiða góða kylfinga inn í "final four" mótin sem verða gífurlega spennandi og skemmtileg. Vinna hópsins fékk síðan brautargengi á nýloknu golfþingi og verður spennandi að fylgjast með þessum breytingum.

Golfvöllur Keilis var leigður út til fyrirtækja eins og undanfarin ár alls voru þetta 8 skipti sem völlurinn var lokaður hluta úr degi, oftast var völlurinn opnaður aftur um þrjú leytið.

Auk þessa voru ýms fyrirtæki og félagasamtök með rástíma 1 til 2 tíma í senn. Haukar, FH, Icelandair, Landsbankinn, VM, og Rio Tinto Alcan héldu sín árlegu golfmót hjá okkur.

Þriðja árið í röð er viðhorfskönnunin að sýna að árangur er að nást af fækkun móta. Keilifélagar finna fyrir færri mótum og það sést á niðurstöðum úr viðhorfskönnuninni í ár eins og á síðustu ár. Það er mikið gleðiefni að Keilifélagar láta það líka sjást ef þeir eru sammála þessari þróun og styðja hana.

Enn er unnið að því að reyna að ná inn Opnu kvennamóti á Hvaleyrarvöll, mikil fjölgun hefur orðið hjá konunum í golfi og eðlilegt að þær hafi flott opið mót hjá okkur á ári hverju. Því miður hefur ekki tekist að ná í styrktaraðila að mótinu.

## Æfingaferð

Keilir fór í æfingaferð erlendis síðasta vor og var farið á nýjan stað, Novo Sancti Petri í Spáni. Ferðin gekk vel og voru kylfingar Keili til sóma. Í ferðina fór svipaður hópur og undanfarin ár, um 30 kylfingar. Björgvin Sigurbergsson og Karl Ómar fóru sem þjálfarar ásamt tveimur fararstjórum, Ólöfu og Hjörleifi. Kylfingar vöknudu snemma á í og spiluðu og æfðu fram á daginn. Mikið var spilað og farið yfir þá þætti golfsins sem búið var að vinna með yfir veturinn.

## Skemmtanir

Haldið var upp á Jónsmessuna 20.júní. Þátttakan var mjög góð, alls tóku 40 lið þátt í Jónsmessugleðinni eða alls 80 keppendur. Það eru ekki allir klúbbbar sem geta ár eftir ár haldið Jónsmessuna með jafn góðum árangri og við í Keili. Það er ykkur félögum að þakka og sýnir þann góða anda sem ríkir í klúbbnum.

Bændaglíma var haldin laugardaginn 3. október, þátttakan var með ágætum og tóku 18 lið þátt í bændaglímunni. Bændur voru þeir Guðfinnur Sigurvinsson og Ágúst Þór Eiríksson. Lið Ágúst Þórs sigraði naumlega.

Þorrablótið á sér fastan sess í skemmtanalífi okkar Keilifélaga, alltaf hefur tekist að fylla á þetta kvöld. Að vanda var blótið haldið á bóndadaginn og verður svo áfram á næsta ári.

Afreksmannahóf Keilis hefur verið er fastur liður á hverju ári og að venju var hófið haldið í janúar. Afreksfólki Keilis ásamt mökum var boðið til hófsins.

Á miðvikudagskvöldum eru bridgekvöld, en spilakvöldin hafa verið haldin allt frá því að við fluttum í þennan golfskála. Í ár byrjar bridgeið með miklum látum og hefur verið metþátttaka á fyrstu kvöldum vetrarins. Það eru fáir atburðir eins fastir í sessi í félagslífinu ef golfið er undanskilið. Frá upphafi hefur Guðbrandur Sigurbergsson haft umsjón með þessum kvöldum. Minnum við á að allir eru velkomnir á þessi kvöld.

Áhugasamir félagar um knattspyrnu hittast líka á laugardagsmorgnum og tippa.

Öllum félagsmönnum er velkomið að mæta og taka þátt í getraunastarfsemi Keilis og mynda nýja hópa. Þess má geta að Balli er alltaf með heitt á könnunni.

### Foreldraráð

Foreldraráð var með erindi á fundi sem yfirþjálfari hélt 2. desember með foreldrum um starfssemi komandi golfárs. Fundurinn snerist um komandi starfsár, golfæfingar og þar sem kynntar voru hugmyndir frá foreldraráði. Kynnt var starfsskýrsla síðasta vetrar. Foreldraráð fyrra árs óskaði eftir nýjum aðilum inn í ráðið en enginn bauð sig fram. Undirritaðir buðu sig aftur fram og var það samþykkt einróma. Í framhaldi fundar tók foreldraráð saman starfsáætlun um starfssemi sem fara átti fram á árinu 2014-2015.

### Markmið og starfsáætlun

Foreldraráð hittist mánaðarlega með yfirþjálfara og fór yfir starfsáætlun og skipulagði þau verkefni sem á henni voru sem heyrðu undir foreldraráði.

Markmið foreldraráðs var að framkvæma þær hugmyndir sem komu fram og voru settar á starfsáætlun.

### Helstu verkefni

Helstu verkefni á starfsáætlun voru: fjáröflun skötuveisla, eggjasala, púttmót, vörutalningar í Bónus og Krónunni (6x), Texas Scramble mót í lok sumars barna og foreldra, miðvikudagsmót fyrir yngri krakka, spilaæfingar í hverri viku, sveitakeppni, glaðningur á síðustu æfingu fyrir páska, æfingaferð til Spánar, unglíngamót GSÍ og Snærísleikur (lokahittingur og pizzur).

Þær fjáraflanir sem voru framkvæmdar voru: Skötuveisla, Vörutalning í Bónus og Krónunni 2x yfir tímabilið, eggjasala og púttmót. Ákveðið var að fjáröflunin væri eingöngu fyrir þá sem færu í æfingarferð til Spánar. Allir safna í sameignlegan sjóð og ef einhver hættir við ferðina þá deilist hans hluti á hópinn sem fer. Það sem var ekki framkvæmt á starfsáætlunni: Reglukvöld,

Álfagaldur, sameiginlegir æfingahringir fyrir mót, bíóferð. Foreldraráð hefur ákveðið að reyna að koma þessum verkefnum að á næsta ári.

### Æfingaferð til Spánar

Farið var í æfingaferð til Spánar í apríl. Fararstjórar voru valdir af yfirþjálfara úr foreldrahópi. Tilmæli frá foreldraráði varðandi æfingaferðir erlendis voru að það sé einn kk og einn kvk fararstjóri. Ferðin tókst vel og voru allir sjálfum sér og klúbbnum til sóma.

### Unglíngamót GSÍ

Mikil ánægja var með að unglíngarnir væru að keppa á heimavelli og foreldrar tóku þátt í að aðstoða við skráningar og voru framverðir.


### Samstarf við yfirþjálfara

Mjög gott samstarf var við yfirþjálfara sem gerði starf foreldraráðs markvisst og auðvelt.

### Samstarf við aðra golfklúbba

Í sumar voru í gildi samningar um afsláttarkjör til félagsmanna, hjá eftirfarandi golfklúbbum:

- Golfklúbbi GS í Leiru
- Golfklúbbi GHR á Hellu
- Golfklúbbi Vatnsleysustrandar
- Golfklúbbnum Geysi
- Golfklúbbi Selfoss
- Golfklúbbi Borgarness
- Golfklúbbi Sandgerðis
- Golfklúbbnum Leyni
- Golfklúbb Akureyrar



Samtals voru þetta 1.497 leiknir hringir, en voru í fyrra 1.732. Skýra má mun á milli ára að tölur fengust ekki frá golfklúbbum Geysi á síðasta ári.



**Leiknir hringir 2015**

Samkvæmt rástímaskráningu voru leiknir 25.447 hringir á síðasta sumri á Hvaleyrarvelli. Á árinu 2014 voru leiknir 27.502. Aðalástæða þessarar fækkunar er eins og flestir félagar vita slæmt veður í maí og júní og einnig fækkun í félagatali kylfinga á aldrinum 20-50 ára. Á súluriti sem sýnir spilun á völlum okkar kemur bersýnilega í ljós hvernig veðurþróun var síðastliðið sumar.

Á aðalvelli voru leiknir hringir af félagsmönnum um 69% af notkuninni og er það sama hlutfall og síðustu ár. Að meðaltali fóru um 115 kylfingar í gegnum völinn á degi hverjum á meðan opið var. Á Sveinskotsvelli var notkunin 69% af félagsmönnum og þann völl léku 36 kylfingar á dag en voru 47 í fyrra. Áhugaverðar tölur sem sýna að veðrið hefur mikil áhrif á spil á völlum okkar.

**Skipting er eftirfarandi :**

Hvaleyrarvöllur	25.447 hringir
Sveinskotsvöllur	8.150 hringir





## Lokaorð

Á nýliðnu Golfþingi sem haldið var í Garðabæ var ný mótaskrá samþykkt. Mótaskráin er afrakstur vinnuhóps þar sem við Keilisfélagar áttum fulltrúa. Nýja mótaskráin lyftir að mínu mati keppnishaldi á Eimskipsmótaröðinni á hærra plan. Mótum verður fjölgað og mikil áhersla lögð á að okkar fremsta keppnisfólk sé á landinu þegar stærstu mótin fara fram. Jafnframt verður farið af stað með fyrirkomulag svipað því sem þekkist erlendis, að því leiti að keppnistímabil hvers árs hefist að hausti í stað þess að hefjast á vori. Stígandi verður síðan í keppnishaldinu en síðustu fjögur mótin gefa mun fleiri stig til stigameistara en áður. Stigameistari verður þannig krýndur í lok ágúst ár hvert að afloknum þessum fjórum lokamótum.

Við forráðamenn Golfklúbbsins Keilis höfum stefnt að því undanfarin ár að koma á föstu móti á heimavelli okkar fyrir bestu kylfinga landsins, svokölluðum Hvaleyrarbikar. Nú með nýrri mótaskrá er þessu móti loksins fundinn staður. Næstu þrjú árin verður haldið mót á Eimskipsmótaröðinni, alltaf sömu helgi í júlí, hér á okkar heimavelli. Mótið verður hluti af áður nefndum lokamótum og munu einungis um 50 af bestu kylfingum landsins hljóta þátttökurétt. Það er von mín að þetta mót hljóti fastan sess í mótahaldi okkar Keilisfólks til framtíðar og að félagsmenn fylki sér um að gera mót þetta sem glæsilegast úr garði.

Stærsta verkefni íslenskrar golfhreyfingar er að fjölga í yngstu aldurshópunum. Golfklúbburinn Keilir er þar ekki undanskilinn. Hjá okkur hefur meðalaldur félagsmanna hækkað stöðugt og hlutfall þeirra sem greiða fullt gjald hefur farið lækandi. Við

verðum öll að líta á það sem sameiginlegt markmið að kynna golf fyrir unga fólkinu, börnum okkar, barnabörnum og hverjum sem okkur dettur í hug. Einnig þurfum við með öllum ráðum að halda þeim kylfingum sem á annað borð byrja að stunda íþróttina við efnið. Tillaga okkar í stjórn að nýrri gjaldskrá er afleiðing af fækkun í yngri kynslóð kylfinga. Mikilvægt er að sporna við þessari fækkun til að viðhalda heilbrigðri aldursdreifingu félagsmanna Keilis, sem og tryggja rekstraröryggi klúbbsins.

Í maí síðastliðnum var samþykkt af hendi bæjaryfirvalda þátttaka í breytingum á Hvaleyrarvelli. Ég vil nota þetta tækifæri sérstaklega til að þakka fyrir framsýni og velvilja í okkar garð með ákvörðun þessari. Um leið vil ég biðja félagsmenn að hugleiða eitt andartak

hvers konar forréttindi það eru að geta stundað áhugamál okkar hér á þessum undrastað sem Hraunið og Hvaleyrin eru.

Er samþykki fékkst hófust starfsmenn okkar þegar handa við framkvæmdir, og var áhersla lögð á nýja braut er liggur meðfram Vesturholti. Framkvæmdir voru gerðar í kapphlaupi við tímenn en sumur á Íslandi eru stutt eins og við öll þekkjum. Starfsmenn okkar eiga sérstakt hrós skilið en segja má að á löngum köflum í sumar hafi starf þeirra verið tvöfalt. Annars vegar hefðbundið viðhald og hins vegar vinna við nýjar brautir. Kylfingur sá er hér stendur biður í ofvæni ársins 2017 er hafist verður handa við að leika Hvaleyrina með þremur nýjum brautum. Forsmekkinn af því fengum við í sumar er ný 15. hola var leikinn. Fyrsta högg mitt lenti í fjörunni utan vallarmarka, mig grunar að það sé ekki síðasti boltinn sem þangað fer. Breytingarnar á Hvaleyrinni til hins betra munu verða umtalsverðar, sérstaklega með tilliti til þess markmiðs er sett var við hönnun hennar, sem er að leika sem stærstan hluta



Hvaleyrinnar við sjávarsíðuna. Eftir brotthvarf núverandi 13., 14. og 16 hola verða alls fimm holur leiknar við sjóinn.

Aðstaða okkar í Hraunkoti batnaði til mikilla muna nýverið en þá voru teknir í gagnið tveir golfhermar af bestu gerð. Sú viðbót við aðstöðu okkar til æfinga ætti að ýta enn frekar undir framfarir allra kylfinga í klúbbum. Hermarnir munu verða kærkomnir þegar versta skammdegið herjar á okkur og löngun eftir golfsumri verður óbærileg.

Árinu sem er að líða barst Keili höfðingleg gjöf í formi stóla og borða í golfskálann okkar. Húsgögnin breyta miklu um ásýnd hér inni auk þess að bæta aðstöðu til að taka á móti fleira fólki. Húsgögnin hafa jafnframt þau áhrif að hljóðmengun hefur minnkað. Gjöfin sýnir enn og aftur hversu miklu máli stuðningsaðilar skipta rekstur íþróttafélags eins og Keilir er. Ég vil þakka viðkomandi aðilum sérstaklega fyrir áralangan og ómetanlegan stuðning.

Árið 2015 var okkur gjöfult í keppninni um helstu titla hér innanlands. Signý Arnórsdóttir varð Íslandsmeistari í höggleik á Akranesi, og hefur hún nú bæði sigrað í Íslandsmóti í höggleik sem og holukeppni. Á Akureyri varð Axel Bóasson Íslandsmeistari í holukeppni eftir úrlitaleik við annan Keilismann Benedikt Sveinsson. Tinna Jóhannsdóttir varð svo stigameistari kvenna og Axel Bóasson stigameistari karla. Á haustmánuðum gerði Axel sér svo lítið fyrir og tryggði sér keppnisrétt á Nordic League mótaröðinni. Ég vil nota tækifærið og óska Axel gæfu og gengis er hann tekst á við það verkefni. Gísli Sveinbergsson sem nú er

við nám í Bandaríkjunum varð í lok sumars fyrstur Íslendinga til þess að vera valinn í úrvalslið evrópskra ungmenna er keppir við úrvalslið frá Bretlandi og Írlandi. Henning Darri Þórðarson varð í sumar stigameistari á Íslandsbankamótaröðinni eftir að hafa leikið gott golf allt síðasta sumar. Einnig varð Henning bikarmeistari eins og fram hefur komið.

Eins og allir þekkja þá eru blikur á lofti hjá nágrönnum okkar í Straumsvík. Bæjarfélagið stendur jafnframt í baráttu við hlutfall skulda sem nauðsynlega þarf að ná að lækka. Ástæða þess að ég nefni þetta hér er sú staðreynd að þróun mála hjá þessum stærstu styrktaraðilum okkar getur haft veruleg áhrif á rekstur Keilis. Yfirlýst stefna bæjarfélagsins er og verður eðlilega aðhaldsmiðuð meðan staðan er þessi. Framþróun hjá þessum aðilum mun hafa bein áhrif á okkur á næstu árum.

Undanfarin sumur hefur veður haft veruleg áhrif á rekstur okkar, á mismunandi vegu þó. Í ár kom völlurinn vel undan vetri, bjartsýni ríkti hér í aprílmánuði. Sumarið byrjaði svo í maí með miklum kulda og hélst þannig fram í júní mánuð, þó svo síðar hafi ræst úr. Reynsla okkar í stjórn Golfklúbbsins hefur kennt okkur að það er bein tenging á milli veðurs og afkomu. Við skulum því öll í sameiningu óska þess af heilum hug að Golfsumarið 2016 verði hið allbesta.

Ég vil þakka starfsfólki, félagsmönnum og stjórnarfólki Keilis fyrir samstarfið á liðnu ári og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



# Jólagjöf

kylfingsins fæst í Hraunkoti



Tilvalið í jólapakka  
kylfingsins



Gjafabréf í golfherma  
Hraunkots

**SILFUR**  
GJAFABRÉF  
582 æfingaboltar  
ásamt 4x50 mínútna  
golfkennslu hjá  
golfkennara  
Hraunkots



Hraunkoti  
Golfæfingasvæði

hraunkot.is

**Silfurgjafabréf**, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem eru að læra undirstöðuatriði golfleiksins. Gjafabréfið inniheldur fjóra golftíma í 50 mín. hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

**Silfurgjafabréf kostar 26.000 kr.**

**GULL** GJAFABRÉF  
582 æfingaboltar  
ásamt 5x25 mínútna  
golfkennslu hjá  
golfkennara  
Hraunkots



Hraunkoti  
Golfæfingasvæði

hraunkot.is

**Gullgjafabréf**, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem komnir eru af stað í golfi og vilja halda áfram á réttri braut. Gjafabréfið inniheldur fimm 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

**Gullgjafabréf kostar 21.000 kr.**

**DEMANTS**  
GJAFABRÉF  
3309 æfingaboltar  
ásamt 2x25 mínútna  
golfkennslu hjá  
golfkennara  
Hraunkots



Hraunkoti  
Golfæfingasvæði

hraunkot.is

**Demantsgjafabréf**, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir golfara sem vilja æfa sig og fá smá kennslu hjá golfkennara. Gjafabréfið inniheldur tvo 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn demantskorts.

**Demantsgjafabréf kostar 24.000 kr.**

**PLATINU**  
GJAFABRÉF  
1271 æfingabolti  
ásamt 3x25 mínútna  
golfkennslu hjá  
golfkennara  
Hraunkots



Hraunkoti  
Golfæfingasvæði

hraunkot.is

**Platínugjafabréf**, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem vilja láta finpússa sveifluna eða stutta spilið. Gjafabréfið inniheldur þrjú 25 mín. golftíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn platinukorts.

**Platínugjafabréf kostar 18.000 kr.**

## Golfkennarar Hraunkots



Björn Kristinn  
Björnsson



Karl Ómar  
Karlsson



Ólafur  
Jóhannesson



Björgvin  
Sigurbergsson

**Hraunkoti**  
Golfæfingasvæði

Vinsælu gjafabréfin fást í  
**Hraunkoti**

Nánari upplýsingar í Hraunkoti í síma 565-3361 Golfkennarar Hraunkots eru IPGA meðlimir

# Aðalstyrktaraðilar Keilis eru:

Rio Tinto Alcan á Íslandi

Síminn

Bensínorkan

Sjóvá

Bílaleiga Akureyrar

Opin Kerfi

Valitor

Ásbjörn Ólafsson

Fjarðarkaup

Skeljungur

Subway

Íslandsbanki

Hafnarfjarðarbær

Epli.is

Kemi

Mannvit

Naust Marine

Securitas

ISS á Íslandi

Servida-Besta

UTV

Góa

Landsbankinn

KFC

Jónar Transport

Vífilfell

Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Hótel Hveragerði

NTC

Point

Icelandair Golfers

Remax

66°Norður

Tölvustoð

Fura

Trefjar

Húsasmiðjan

RJC

Tor

Modern

B og L

Primera Air

Gagnavarslan

Fastus

**GOLFKLÚBBURINN KEILIR  
STEINHOLTI 1  
HAFNARFJÖRÐUR  
KT. 680169-6919**

**ÁRSREIKNINGUR 2015**


## Áritun endurskoðanda

Ég hef yfirfarið ársreikning Golfklúbbsins Keilis fyrir starfsárið 1. nóvember 2014 til 31. október 2015. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi tímabilsins, efnahagsreikningi 31. október, skýringum og sundurliðunum nr.1 - 15. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur.

Við yfirferðina kannaði ég bókhald félagsins og önnur gögn sem nauðsynlegt þótti. Einnig voru lagðar fram fyrirspurni og könnuð ýmis atriði með framkvæmdastjóra félagsins. Ég hef fengið greinagóð svör við öllum fyrirspurnum og tel mig hafa grunn til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi félagsins á rekstrartímabilinu og efnahag þess 31.október 2015 í samræmi við lög félagsins.

Hafnarfirði, 10. desember 2015

  
löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla og áritun stjórnar

Að álit stjórnar Golfklúbbsins Keilis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31.október 2015, rekstrarárangri frá 1. nóvember 2014 til 31. október 2015 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hjá klúbbum störfuðu á árinu til lengri eða skemmri tíma alls um 35 starfsmenn.

Í árslok voru félagar í Keili 1347.

Stjórn Golfklúbbsins Keilis staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.

Hafnarfirði, 10. desember 2015.

Arnar B. Atlason

DAGA A. Pétsson

Andri Ódri

Summi Sig  
Guðbjörg E. Guðm

Ólly Þringsdóttir  
Dæði Jónsson

## GOLFKLÚBBURINN KEILIR

### REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur :</b>			
Félagsgjöld .....		88.420.168	90.487.816
Flatargjöld .....		15.061.608	14.561.880
Mótatekjur .....	1	11.554.100	12.940.937
Styrkir og framlög .....	2	19.862.224	19.897.464
Tekjur æfingasvæðis .....	3	12.596.423	15.320.349
Tekjur verslunar .....	4	8.485.281	8.290.504
Seld þjónusta .....		20.271.122	24.894.401
Unglingavinna .....		2.400.000	2.400.000
Aðrar tekjur .....	5	9.765.724	9.217.447
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		188.416.650	198.010.798
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Félagsskattur GSÍ .....		5.238.000	5.413.700
Mótagjöld .....	6	3.622.283	4.514.778
Styrkir og þjálfunarkostnaður .....	7	16.842.326	18.261.171
Rekstur æfingasvæðis .....	8	13.351.476	14.048.256
Viðhald og rekstur valla .....	9	38.496.596	40.410.029
Viðhald og rekstur véla .....	10	18.131.123	17.815.245
Rekstur fasteigna .....	11	10.237.349	10.664.043
Stjórnunarkostnaður .....	12	25.831.782	24.932.962
Rekstur verslunar .....	13	12.068.032	11.973.472
Rekstur útseldrar þjónustu .....	14	16.935.737	20.782.598
Unglingavinna .....		2.400.000	2.400.000
Annar kostnaður .....	15	3.971.864	4.352.876
Afskriftir .....		8.426.856	9.126.348
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		175.553.424	184.695.478
<b>Hagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		12.863.226	13.315.320
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>			
Vaxtatekjur .....		1.310.326	1.352.468
Vaxtagjöld og verðbætur .....		-7.156.514	-6.387.382
Leiðrétting lána .....		0	9.495.226
<b>Samtals</b>		-5.846.188	4.460.312
<b>Hagnaður ársins</b>		7.017.038	17.775.632



## GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. OKTÓBER 2015

EIGNIR	Skýr.	2015	2014
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir .....		214.468.595	210.806.598
Bifreiðar .....		4.480.058	807.593
Vélar og tæki .....		41.831.347	49.213.349
Áhöld og innréttingar .....		1.440.781	1.695.036
Golfvöllur .....		309.036.967	289.714.605
	<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>571.257.747</b>	<b>552.237.181</b>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Birgðir .....		6.390.839	8.145.474
Viðskiptakröfur .....		11.271.091	10.347.845
Aðrar skammtímakröfur .....		2.329.718	1.639.711
Bankainnistæður .....		674.138	411.874
	<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>20.665.786</b>	<b>20.544.904</b>
	<b>Eignir alls</b>	<b>591.923.533</b>	<b>572.782.085</b>

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

## Eigið fé.

Framlag Hafnarfjarðarbæjar .....	249.103.175	249.103.175
Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun .....	240.261.831	222.486.199
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....	7.017.038	17.775.632
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>496.382.044</b>

## Langtímaskuldir:

Veðskuldir.....	72.001.981	43.513.866
Næsta árs afborgun .....	-15.831.074	-3.443.140
	<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>56.170.907</b>

## Skammtímaskuldir:

Tékkareikningslán .....	8.720.553	14.548.749
Viðskiptaskuldir .....	7.277.084	16.655.406
Ógreitt vegna starfsfólks .....	6.544.838	7.252.694
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	997.033	1.446.364
Næsta árs afborgun langtímalána .....	15.831.074	3.443.140
	<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>39.370.582</b>
	<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>591.923.533</b>

## GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SJÓÐSTREYMI 31. OKTÓBER 2015.

## HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

	2015	2014
Hagnaður ársins .....	7.017.038	17.775.632
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé::		
Afskriftir fastafjármuna .....	8.426.856	9.126.348
Verðbætur langtímalána .....	1.050.300	1.100.290
Leiðrétting langtímalána .....	0	-9.495.226
	<u>16.494.194</u>	<u>18.507.044</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:		
Skammtímakröfur, (hækkun)lækkun .....	-1.613.252	-2.467.824
Vörubirgðir, lækkun(hækkun) .....	1.754.634	1.848.388
Skammtímaskuldir, hækkun(lækkun) .....	-10.535.509	11.139.641
	<u>-10.394.127</u>	<u>10.520.205</u>
<b>HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS</b>	<u>6.100.067</u>	<u>29.027.249</u>

## FJÁRFESTINGARHREYFINGAR

Endurbætur á golfvelli og húsnæði.....	-22.984.359	-10.606.644
Vélakaup.....	-4.463.063	-15.075.435
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR ALLS</b>	<u>-27.447.422</u>	<u>-25.682.079</u>

## FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR

Afborgun veðskulda .....	-2.562.185	-8.152.626
Ný langtímalán .....	30.000.000	0
Lækkun tékkareikningsláns.....	-5.828.196	5.043.234
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS</b>	<u>21.609.619</u>	<u>-3.109.392</u>
<b>HÆKKUN(LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ</b>	<u>262.264</u>	<u>235.778</u>

Handbært fé í ársbyrjun .....	411.874	176.096
<b>HANDBÆRT FÉ 31.10. 2015.</b>	<u>674.138</u>	<u>411.874</u>

**GOLFKLÚBBURINN KEILIR****SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2015.****FASTAFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR**

Fastafjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Áhöld og innréttingar	Vélar og tæki	Golfvöllur
Stofnverð 01.01 .....	210.806.598	807.593	1.695.036	49.213.349	289.714.605
Keypt á árinu .....	3.661.997	4.463.063	0	0	19.322.362
Afskriftir ársins .....	0	-790.598	-254.255	-7.382.002	0
	<u>214.468.595</u>	<u>4.480.058</u>	<u>1.440.781</u>	<u>41.831.347</u>	<u>309.036.967</u>
Bókfært verð 31.10. 2015	214.468.595	4.480.058	1.440.781	41.831.347	309.036.967

Eignir eru aðallega skráðar við upphaflegu kostnaðarverði. Fasteignir og golfvöllir eru ekki afskrifaðir, enda lítið svo á að hér sé um varanlegar eignir að ræða sem ekki rýrna að verðgildi nema síður sé, en hins vegar eru vélar og áhöld afskrifuð sem nemur um 15% af bókfærðu verði fyrra árs að viðbætti fjárfestingu ársins í slíkum eignum.

**EIGIÐ FÉ**

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2015.

	Yfirfært frá fyrra ári	Rekstrar- afkoma	Samtals 31.10.2015
<b>Annað eigið fé:</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	240.261.831	7.017.038	247.278.869
Framlag Hafnarfjarðar .....	249.103.175	0	249.103.175
	<u>489.365.006</u>	<u>7.017.038</u>	<u>496.382.044</u>

**LANGTÍMASKULDIR**

Langtímaskuldir Keilis eru 2 verðtryggð skuldabréf með lokagjalddaga 2031 og árið 2035. Vextir af lánunum eru 5,3%. Að auki er klúbburinn með opna lánalínu að fjárhæð 43 milljónir.

Búið er að draga á þá línu 30 milljónir vegna framkvæmda við breytingar á Hvaleyrarhluta vallarins.

	Samtals	
Landsbankinn	30.000.000	Óverðtryggt 7,45%
Landsbankinn	31.615.970	Verðtryggt 5,3%
Landsbankinn	10.386.011	Verðtryggt 5,3%
Samtals	<u>72.001.981</u>	

Afborganir af skuldabréfum eru um 2,5 milljónir af nafnverði á ári

Til tryggingar á lánalínu vegna framkvæmda er samningur við Hafnarfjarðarbæ sem greiðist inná lánalínu með jöfnum greiðslum 13,3 milljónir ár hvert í febrúar 2016, 2017 og 2018.

## GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2015.

	2015	2014
<b>1. MÓTATEKJUR</b>		
Tekjur, opin mót .....	7.336.900	8.466.875
Tekjur, innanfélagsmót .....	2.077.200	2.444.062
Tekjur, firmakeppni .....	2.140.000	2.030.000
<b>MÓTATEKJUR ALLS</b>	<b>11.554.100</b>	<b>12.940.937</b>
<b>2. STYRKIR OG FRAMLÖG</b>		
Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja .....	9.030.184	9.348.901
Framlag Hafnarfjarðar v/skrifstofu og rekstur valla.....	7.073.732	6.087.980
Afreksmannasjóður ÍBH .....	1.240.000	1.930.000
IBH, Alcan styrkur vegna unglunga .....	870.208	886.141
Framlag ÍSÍ vegna lottó .....	934.712	759.884
Ferðastyrkur íþróttaráð .....	440.000	589.067
Framlag ÍSÍ vegna getrauna .....	273.388	295.491
<b>STYRKIR OG FRAMLÖG ALLS</b>	<b>19.862.224</b>	<b>19.897.464</b>
<b>3. TEKJUR ÆFINGASVÆÐIS</b>		
Boltaleiga, Hraunkot .....	10.058.724	11.822.585
Styrkir, Hraunkot .....	1.310.000	1.705.000
Útleiga, Hraunkot .....	420.519	510.682
Púttmót, Hraunkot .....	211.600	472.990
Gjafabréf, Hraunkot .....	253.428	441.789
Sala, Hraunkot .....	342.152	367.303
<b>TEKJUR ÆFINGASVÆÐIS ALLS</b>	<b>12.596.423</b>	<b>15.320.349</b>
<b>4. TEKJUR VERSLUNAR</b>		
Seldar golfvörur .....	8.485.281	8.290.504
<b>TEKJUR VERSLUNAR ALLS</b>	<b>8.485.281</b>	<b>8.290.504</b>
<b>5. AÐRAR TEKJUR</b>		
Unglinganámskeið og æfingargjöld.....	4.450.201	4.339.095
Leiga golfbíla og golfsetta .....	3.614.268	2.975.053
Skápaleiga .....	777.000	798.000
Húsaleigutekjur .....	410.000	590.000
Vetrarsala .....	514.255	515.299
<b>AÐRAR TEKJUR ALLS</b>	<b>9.765.724</b>	<b>9.217.447</b>
<b>6. MÓTAGJÖLD</b>		
Kostnaður vegna innanfélagsmóta .....	1.926.321	2.700.365
Kostnaður vegna opinna móta .....	1.695.962	1.814.413
<b>MÓTAGJÖLD ALLS</b>	<b>3.622.283</b>	<b>4.514.778</b>
<b>7. STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR</b>		
Laun og launatengd gjöld þjálfara .....	12.653.570	12.699.713
Keppnisstyrkir .....	3.842.218	3.037.992
Evrópukeppni .....	58.538	2.177.966
Þjálfun afreksfólks.....	288.000	345.500
<b>STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR ALLS</b>	<b>16.842.326</b>	<b>18.261.171</b>

<b>8. REKSTUR ÆFINGASVÆÐIS</b>		
Laun vegna Hraunkots og eftirlits.....	7.620.346	7.555.035
Hraunkot rafmagn og hiti.....	1.591.098	1.519.725
Æfingaboltar .....	1.199.282	1.335.330
Hraunkot viðhald.....	920.907	974.538
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður .....	590.635	593.426
Tryggingagjald .....	471.380	474.355
Hraunkot innkaup og auglýsingar .....	957.828	1.426.308
Kennsla vegna gjafabréfa.....	0	169.539
<b>REKSTUR ÆFINGASVÆÐIS ALLS</b>	<b>13.351.476</b>	<b>14.048.256</b>
<b>9. VIÐHALD OG REKSTUR VALLA</b>		
Launakostnaður .....	26.062.706	27.009.013
Viðhald valla .....	2.409.449	2.701.679
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður .....	3.121.134	3.127.664
Tryggingagjald .....	2.243.188	2.364.565
Námskeið ofl. vegna starfsmanna.....	1.747.684	2.085.507
Eftirlit á völlum.....	1.998.248	1.221.800
Áburður og fræ .....	242.640	737.511
Vinnufatnaður starfsmanna .....	466.826	671.323
Aðkeyptur akstur.....	139.721	425.967
Félagsgjöld SIGI .....	65.000	65.000
<b>VIÐHALD OG REKSTUR VALLA ALLS</b>	<b>38.496.596</b>	<b>40.410.029</b>
<b>10. VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA</b>		
Launakostnaður .....	5.701.564	6.627.651
Viðhald og varahlutir .....	8.581.720	6.386.484
Eldsneyti á vélar og tæki .....	2.488.913	3.326.650
Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður .....	684.167	721.398
Tryggingar véla og tækja .....	203.979	202.610
Tryggingagjald .....	470.780	550.452
<b>VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA ALLS</b>	<b>18.131.123</b>	<b>17.815.245</b>
<b>11. REKSTUR FASTEIGNA</b>		
Ræsting, .....	3.739.118	3.416.024
Híti og rafmagn .....	2.061.310	2.095.201
Viðhald áhaldahúss .....	335.452	1.293.458
Viðhald skála .....	1.251.031	1.480.780
Fasteignagjöld .....	331.012	0
Hreinlætisvörur .....	615.887	822.890
Securitas gæsla .....	842.207	761.009
Tryggingar .....	1.061.332	794.681
<b>REKSTUR FASTEIGNA ALLS</b>	<b>10.237.349</b>	<b>10.664.043</b>

**12. STJÓRNUNARKOSTNAÐUR**

Laun .....	14.938.729	14.634.642
Viðhald skrifstofutækja .....	3.072.879	1.887.902
Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður .....	1.856.856	1.762.003
Prentun og ritföng .....	1.276.596	1.686.854
Kostnaður vegna stjórnar og nefnda .....	1.396.784	1.400.243
Tryggingagjald .....	1.356.252	1.230.847
Símakostnaður .....	992.738	1.107.838
Annar kostnaður .....	261.076	650.361
Bókhald/Endurskoðun .....	531.277	536.672
Frímerki og gíróseðlar .....	148.595	35.600
<b>STJÓRNUNARKOSTNAÐUR ALLS</b>	<b>25.831.782</b>	<b>24.932.962</b>

**13. REKSTUR VERSLUNAR**

Vörukaup verslun .....	6.945.536	7.188.839
Laun og launatengt verslun .....	5.122.496	4.784.633
<b>REKSTUR VERSLUNAR ALLS</b>	<b>12.068.032</b>	<b>11.973.472</b>

**14. REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU**

Laun .....	10.000.000	12.000.000
Viðhald véla .....	2.189.533	2.946.087
Eldsneyti .....	1.400.000	2.000.000
Áburður og fræ .....	1.511.204	1.621.511
Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður .....	1.000.000	1.200.000
Tryggingagjald .....	835.000	1.015.000
<b>REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU ALLS</b>	<b>16.935.737</b>	<b>20.782.598</b>

**15. ANNAR KOSTNAÐUR**

Auglýsingar .....	743.839	1.228.059
Flatargjöld á vinavöllum.....	1.457.800	1.321.700
Gámaleiga .....	953.866	951.444
Afnotagjald sjónvarps .....	317.837	337.549
GEO vottun .....	0	300.000
Útgáfukostnaður vegna afmælis .....	320.000	0
Tækifærisgjafir og gestamóttaka .....	156.922	193.324
Eftirlitsgjald og starfsleyfi .....	21.600	20.800
<b>ANNAR KOSTNAÐUR ALLS</b>	<b>3.971.864</b>	<b>4.352.876</b>

## FJÁRHAGSÁÆTLUN GOLFKLÚBBSINS KEILIS 2016

REKSTRAR TEKJUR:	2016	2015
Félagsgjöld.....	87.262.375	88.420.168
Flatargjöld.....	15.200.000	15.061.608
Mótatekjur.....	13.125.000	11.554.100
Styrkir og framlög.....	20.810.000	19.862.224
Tekjur æfingasvæðis.....	19.025.000	12.596.423
Tekjur verslunar.....	8.000.000	8.485.281
Seld þjónusta.....	20.875.000	20.271.122
Unglingavinna.....	2.400.000	2.400.000
Aðrar tekjur.....	9.870.000	9.765.724
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>196.567.375</b>	<b>188.416.650</b>

### REKSTRAR GJÖLD:

Félagaskattur GSI.....	6.115.200	5.238.000
Mótagjöld.....	4.500.000	3.622.283
Styrkir og þjálfunarkostnaður.....	18.374.480	16.842.326
Rekstur æfingasvæðis.....	14.334.220	13.351.476
Viðhald og rekstur valla.....	40.841.965	38.496.596
Viðhald og rekstur véla.....	17.844.573	18.131.123
Rekstur fasteigna.....	10.810.000	10.237.349
Stjórnunarkostnaður.....	26.411.023	25.831.782
Rekstur verslunar.....	11.420.320	12.068.032
Rekstur útseldrar þjónustu.....	17.240.000	16.935.737
Unglingavinna.....	2.400.000	2.400.000
Annar kostnaður.....	4.955.000	3.971.864
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>175.246.781</b>	<b>167.126.568</b>

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði	21.320.594	21.290.082
--	------------	------------

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:

Vaxtatekjur.....	1.400.000
Vaxtagjöld.....	5.808.231

### Uppruni fjármagns:

Framlag rekstrar.....	16.912.363
Ný lántaka vegna breytinga á Hvaleyri.....	13.000.000
Framlag Hafnarfj. vegna breytinga á Hvaleyri..	13.500.000
	<b>43.412.363</b>

### Ráðstöfun fjármagns:

Lækkun langtímaskulda.....	15.962.363
Vélakaup.....	11.000.000
Viðhald á fasteignum .....	1.000.000
Nýframkvæmdir v. æfingasvæði.....	6.150.000
Nýframkvæmdir við völl.....	9.300.000
	<b>43.412.363</b>

# Svipmyndir frá liðnu sumri



Verðlaunahafar frá Meistaramóti 2015



Klúbbmeistari Keilis 2015



Framtíð Keilis



Golfað í blíðskaparveðri



Dagur eitt í Meistaramóti Keilis

